

REGLUGERÐ

um heimildir tannlækna til að ávísa lyfjum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um heimildir tannlækna til að ávísa lyfjum. Um afgreiðslu, áritun og afhendingu lyfja gilda ákvæði reglugerðar um lyfjaávísanir og afhendingu lyfja.

2. gr.

Lyf sem tannlæknar mega ávísa sjúklingum og til nota í starfi.

Tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum og til notkunar við störf sín eftirfarandi lyfjum, að undanskildum lyfjum sem eru H- eða Z-merkt í sérlyfjaskrá:

- Lyfjum til staðbundinna verkunar á eða í tönnum eða aðliggjandi vef eða munnslímhimnum.
- Lyfjum í þeim lyfjaflokkum, sbr. ATC flokkakerfi (Anatomical-Therapeutic-Chemical classification), sem tilgreindir eru í fylgiskjali 1 með reglugerð þessari.

3. gr.

Eftirritunarskyld lyf sem tannlæknar mega ávísa til nota í starfi.

Tannlæknum er einungis heimilt að ávísa þeim eftirritunarskyldu lyfjum sem tilgreind eru í fylgiskjali 2 með reglugerð þessari til nota í starfi. Skulu þeir þá rita á lyfseðilinn „Til nota í starfi“ og halda sérstaka skrá yfir notkun þeirra.

4. gr.

Undanþágur.

Lyfjastofnun er heimilt að veita tannlækni með sérfræðileyfi eða sérstaka þekkingu og reynslu, undanþágu til að ávísa lyfjum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í þessari reglugerð. Lyfjastofnun getur óskað umsagnar embættis landlæknis ef þurfa þykir.

5. gr.

Eftirlit.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt. Skylt er að láta Lyfjastofnun í té þau gögn eða upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynleg vegna eftirlitsins.

6. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 12. og 50. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breyttingum, öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur á brott reglugerð nr. 1077/2006 um ávísanir tannlækna á lyf.

Heilbrigðisráðuneytinu, 8. maí 2019.

Svandís Svavarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.

Fylgiskjal 1.

ATC flokkur	ATC heiti	Takmörkun
A01	Munn- og tannlyf	
A02B	Lyf við maga- og skeifugarnarsári og vélindabakflæði	
A03BA01	Atrópín	
A03F	Lyf sem hraða magatæmingu	
A04A	Lyf við uppköstum og lyf við ógleði	
A07AA	Sýklalyf	
B01AB	Heparín-hópurinn	
B02A	Storkusundrunarhemlar	
B02B	Vítamín K og önnur blæðingarlyf	
B03	Blóðleysislyf	
B05BB01	Elektrólýtar	
B05C	Skolvökvar	
C01CA24	Adrenalín	
D01A	Sveppalyf til staðbundinna útvortis notkunar	
D04AB	Staðdeyfilyf til staðbundinna útvortis notkunar	
D06	Sýklalyf við húðsjúkdónum	
D07	Barksterar, húðlyf	
D09AA	Lyfjalin með sýkingalyfjum	
D11AH01	Tacrplimus	
D11AH02	Pimecrolimus	
H02AB	Sykursterar	
H04AA	Blóðsykurshækkandi lyf	
J01	Bakteríulyf til altækrar notkunar	
J02A	Sveppasýkingalyf til altækrar notkunar	
J05AB	Núkleósíð og núkleótíð að undanskildum bakritahemlum	
J07AM	Stífkampabóluefn	
M01A	Bólgeyðandi lyf og gigtarlyf, ekki sterar	
M02	Lyf til staðbundinna útvortis notkunar við lið- og vöðvaverkjum	
M03BA	Karbamínsýrestrar	
M03BC	Etrar, efnafraðilega skyldir andhistamínum	
M03BX	Önnur lyf sem verka á miðtaugakerfið	
N01B	Staðdeyfilyf	
N02AJ	Ópióiðar í blöndu með verkjalyfjum sem ekki eru ópióiðar	
N02B	Önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf	
N05B	Róandi og kvíðastillandi lyf	Í afmældum skömmum og minnstu markaðssettum pakkningastærð í senn, nema eftirritunarskyld lyf
N05C	Svefnlyf og róandi lyf	Í afmældum skömmum og minnstu markaðssettum pakkningastærð í senn, nema eftirritunarskyld lyf
N07BA	Lyf gegn nikótínfíkn	
P01AB	Nitróímadazólaflleiður	
R01A	Lyf við nefstíflu og önnur neflyf til staðbundinna notkunar	
R01B	Neflyf við nefstíflu til altækrar notkunar	

Nr. 477

8. maí 2019

ATC flokkur	ATC heiti	Takmörkun
R02A	Hálslyf	
R03AC	Sértæk beta2-adrenvirk lyf	
R05	Hósta- og kveflyf	
R06	Andhistamín til altækrar notkunar	
S01A	Sýkingalyf	
S01B	Bólgueyðandi lyf	
S01C	Bólgueyðandi lyf og sýkingalyf í blöndu	
S02C	Barksterar og sýkingalyf í blöndu	
S02D	Önnur eyrnalyf	
S03C	Barksterar og sýkingalyf í blöndu	
V03AB	Lyf gegn eitrunum	
V07AB	Leysi- og þynningarvökvar þ.m.t. skolvökvar	

Fylgiskjal 2.

ATC flokkur	ATC heiti	Hámarksmaagn á lyfseðli
N02AA01	Morfín	20 lykjur af stungulyfi til nota í starfi
N02AB02	Pethidinum	20 lykjur af stungulyfi til nota í starfi
N02AG02	Cetóbemídon og krampalosandi lyf	20 lykjur af stungulyfi til nota í starfi
N02AX02	Tramadól	Í minnstu markaðssettum pakkningastærð til nota í starfi

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2019